

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Svalbarðsstrandarhreppi.

*Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Vaðlabbyggðar í landi Veigastaða.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 5. apríl 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Vaðlabbyggðar í landi Veigastaða.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur einbýlishúsalóðum til viðbótar þeim tíu, skv. eldra deiliskipulagi, á hluta jarðarinnar Veigastaða í Svalbarðsstrandarhreppi. Skipulagssvæðið er staðsett vestan Vaðlaheiðarvegar nr. 832 og norðan Veigastaðavegar nr. 828. Stærð skipulagssvæðisins er um 7 ha.

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Veigastaða II.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 5. apríl 2005 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Veigastaða II.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 24 orlofshúsum á hluta jarðarinnar Veigastaða II í Svalbarðsstrandarhreppi. Skipulagssvæðið er nefnt Vaðlaborgir A og er staðsett ofan Vaðlaheiðarvegar nr. 832. Stærð skipulagssvæðisins er um 16 ha.

Greinargerðir og upprættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Svalbarðseyri, 25. apríl 2005.*

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps,

**Árni K. Bjarnason** sveitarstjóri.